

# Vikufréttir

Vika 5 (27.01. – 31.01. 2020)

## Mánudagur

- ✓ Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann og sækja tíma með nemendum í 1. bekk, kynnst skólanum og starfinu þar. Hér er um að ræða tilvonandi nemendur í 1. bekk skólaárið 2020 -2021.
- ✓ Fundur í umhverfisnefnd skólans Salnum kl. 10:00
- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl. 14:30

## Þriðjudagur

- ✓ Verkferakistan námskeið fyrir skráða kennara. Hópur 2. Grunnskóla Borgarfjarðar Varmalandi kl. 14.00 – 16:30
- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl. 14:30

## Miðvikudagur

- ✓ Skólameistari Menntaskólans heimsækir nemendur í 10. bekk
- ✓ Seinasti dagur í lotu 2 í vali á unglíngastigi
- ✓ Stigsfundur á unglíngastigi kl. 14:30

## Fimmtudagur

- ✓ 5. bekkur fer í menningarferð til Reykjavíkur.
- ✓ Starfsfólk á yngsta stigi býður samstarfsfólki sínu í kaffi, kl. 14:32.

## Föstudagur

- ✓ 100 daga hátíð á yngsta stigi. Hátíð haldin í tilefi þess að nemendur hafa mætt 100 daga í skólann.

## Spakmæli:

„Nú er gagnslaust að velta vöngum yfir því sem þú ekki hefur, hugsaðu heldur um hvað gera má úr því sem fyrir hendi er.“

***Ernist Hemingway***

## Umferð við skólann.

Þegar börnum er ekið í skólann eykst umferð í kringum skólasvæði. Nú sem áður fara fram miklar framkvæmdir á svæðinu sem gera það að verkum að enn varasamara er að fara þar um. Ekki er ætlast til þess að ekið sé inn Gunnlaugsgötu og börnum hleypt þar úr bílum. Þar er ekki hringakstur og þar af leiðandi skapast mikil hættu þegar bílar eru að bakka þarna þar sem börn eru oft að leik á þessu svæði. Enn þrengra er á þessu svæði en áður þar sem girðingar sem verja byggingarsvæðið taka sitt pláss.

Sleppistæðið fyrir framan skólann á mótis við Svarfhól er hugsað fyrir þá aðila sem keyra börn í skólann. Ekki er um langan veg að fara þaðan og að innganginum og því ættu allir að geta gengið þennan spöl. Einnig má benda á að möguleiki er að setja börnin út við tónlistarskólann og þá geta þau gengið upp stigann að skólanum. Til að tryggja öryggi allra barna í skólanum eru foreldrar hvattir til að stilla umferð bifreiða um skólasvæðið í hóf og hvetja börn sín til að ganga eða hjóla í skólann þegar fært er. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá svæði skólans og hvar æskilegt er að keyra.



Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir